

Menntamálastofnun

Mat á Lestrarverkefni Mennta- og Menningarmálaráðuneytis

Staða verkefnisins eftir fyrri helming tímans

Katrín Frímannsdóttir
6/30/2018

Innihald

Tilgangur læsisverkefnis.....	2
Aðferðir til að meta árangur læsisverkefnis.....	2
Afurðir verkefnisins	2
Þróun skimunarprófa í lesfimi.....	4
Þróun ritunar- og stafsetningarprófa	4
Þróun stuðningsprófa	5
Íhlutunarefni	5
Þróun lesfimiviðmiða	5
Þróun Skólagáttar	5
Notkun lesfimiprófa	6
Læsisstefna sveitarfélaga og skóla.....	7
Ráðgjöf	8
Vitundarvakning.....	9
Námsefni fyrir leikskóla.....	10
Niðurstöður lesfimiprófa	10
Ánægja með þjónustu og afurðir	10
Nýting niðurstaðna	11
Samantekt	12

Tilgangur læsisverkefnis

Niðurstöður PISA rannókna frá 2006, 2009 og 2012 sýna svo ekki verður um vilt að lestrarkunnátta og lestrargeta íslenskra barna fer hnignandi og samkvæmt niðurstöðum frá 2012 geta 20% nemenda í 10. bekk ekki lesið sér til gagns. Af sex þrepum sem gefin eru upp í niðurstöðum PISA eru 46% íslenskra þátttakenda í þrepum 1-3. Til þess að bregðast við þessari þróun og bæta læsi íslenskra barna kom Mennta- og Menningarmálaráðherra Illugi Gunnarsson á fót átaki í lestrarkennslu gunnskólabarna. Settur var á laggirnar vinnuhópur til að skoða leiðir til úrbóta og skilaði hópurinn af sér niðurstöðum í febrúar 2015.

Verkætlan vinnuhóps um læsi gerði tillögur um að gert yrði átak í læsi með og fyrir íslensk börn þar sem megin þættirnir eru aukin áhersla á læsi og þar með aukin kennsla í læsi og aukin fagleg þróun kennara í lestri.

Megin stoðirnar í áætluninni eru;

- Öll sveitarfélög á landinu skrifi undir Þjóðarsáttmála um læsi haustið 2015
- Skimanir og próf fyrir alla leik- og grunnskóla nemendur verði gerð aðgengileg kennurum
- Ráðgjöf, fyrirlestrar og kynningar verði veitt sveitarfélögum og skólum
- Gagnagrunnur til samskipta og miðlunar prófagagna verði aðgengilegur skólum (Skólagátt)
- Unnið verði að vitundarvakningu um læsi m.a. á vefsíðu verkefnisins og með árlegum ráðstefnum

Aðferðir til að meta árangur læsisverkefnis


Áætlun um mat á verkefninu var gerð haustið 2015 og var hún að mestu unnin uppúr aðgerðaáætlun sem gerð var af undirbúningshópi verkefnisins en læsishópurinn var til ráðgjafar og hafa komið að endurskoðun matsþátta. Matsáætlunin var unnin af Dr. Katrínu Frímannsdóttur matsfræðingi en sviðsstjóri matssviðs og forstjóri MMS komu einnig að gerð hennar. Matsáætlunin hefur verið endurskoðuð reglulega en breytingar hafa verið byggðar að mestu á breytttri flóru gagna sem safnað er. Hluti af matsáætlun var gerð áhrifalíkans (viðhengi) þar sem gerð er grein fyrir áhrifaþáttum verkefnisins og innri tengingu þeirra.

Við stöðumat verkefnisins vorið 2018 sem hér er kynnt var staða verkefnisins borin saman við aðgerðaráætlun, matsáætlun og áhrifalíkan.


Afurðir verkefnisins

Stofnað var teymi með níu læsiráðgjöfum haustið 2015 og ráðinn var erlendur ráðgjafi til þess að auka þekkingu og þjálfna hópinn í raunreyndum aðferðum (1. a). Faglegur ráðgjafi hópsins var Dr. Stephanie Gottwald prófessor við Tufts háskólann í Boston og aðstoðarforstjóri „Center for Reading and Language“ við sama skóla. Fyrstu mánuðina einbeitti læsisteymið sér að þróun skimana og prófa fyrir alla bekk grunnskólans. Ákveðið var að búa til próf sem lögð væru fyrir nemendur þrisvar á ári; í september, janúar og maí. Ákvörðun um notkun prófanna er alfarið í höndum yfirmanna skólamála sveitarfélagsins en framkvæmd þeirra er í flestum skólum í höndum bekkjarkennara en í einhverjum skólum sjá sérkennarar um að leggja þau fyrir. Kennari sem leggur prófið fyrir sér um að setja niðurstöður inni gagnagrunninn, Skólagátt, en MMS sér um að kynna niðurstöður á sjónrænu formi innan gáttarinnar. Megin tilgangur prófanna er að kennarar hafi áræðanleg vinnugögn til þess að meta

stöðu einstakra nemenda í lestri en þeir fá aðgang að niðurstöðum allra nemenda í þeirra umsjá (mynd 1).




Lesfimi skólaárið 2017-18




Mynd 1 Útlit niðurstaðna einstaklinga í bekkjum

Með niðurstöðunum hafa kennarar tæki til þess að hanna mun markvissari einstaklingsmiðaðar áætlanir en áður var. Að auki fá skólastjórar áræðanleg mælitæki til þess að fylgjast með stöðu læsis nemenda í skólanum (mynd 2).



Mynd 2 Útlit niðurstaðna gagnvart viðmiðum

Skólagátt sýnir niðurstöður einstakra nemenda, einstakra bekkja, og skóla. Einnig er gefin staða allra nemenda í landinu miðað við læsisviðmið (mynd 3).



Mynd 3 Útlit niðurstaðna á landsvísi

Þróun skimunarprófa í lesfimi

Sérfræðingar læsisteymisins unnu skimunarpróf í lestri fyrir alla bekki grunnskóla. Byrjað var á að greina gömul próf en fljótlega eftir að sú vinna hófst var ljóst að eldri próf voru of gömul til að hægt væri að nýta þau. Því voru ný próf gerð og þeirri þróunarvinnu var að mestu lokið vorið 2016. Prófin voru tilbúin til almennrar notkunar í september 2016 en tölfraðilegri vinnu við prófin verður haldið áfram enn um sinn. Vinnu við prófin verður í raun aldrei lokið þar sem langtíma niðurstöður verða notaðar til þess að taka ákvarðanir um einstök próf og nauðsynlegar breytingar byggðar á tölfraði greiningum prófafræðinga Menntamálastofnunar.

Markmiði um að stöðupróf í lesfimi yrðu gerð fyrir alla bekki grunnskóla hefur verið náð

Þróun ritunar- og stafsetningarprófa

Þróun stafsetningarprófa hófst í byrjun árs 2017 og fóru forprófanir fram á vori og hausti 2017. Þróun prófagrunns er lokið en vegna manneklu hefur ekki tekist að ljúka forritun til þess að hægt sé að birta hann í Skólagátt. Vonir standa til að prófagrunnur fyrir stafsetningu verði tilbúinn til notkunar þegar skólastarf hefst að hausti 2018. Verið er að þróa ramma fyrir mat á ritun en lítið sem ekkert efni var til áður en sú vinna hófst.

Markmiðum um stafsetningar- og ritunarpróf hefur ekki verið náð en stafsetningarprófin eru tilbúin til notkunar en skortur á forriturum hefur komið í veg fyrir að þau séu komin í notkun. Unnið er að gerð matstækja fyrir ritun

Þróun stuðningsprófa

Læsissteymið hefur unnið að gerð stuðningsprófa fyrir kennara til þess að gera nánari skimun ef lesfimiprófin sýna veikleika hjá nemendum. Þessi próf eru orðleysupróf, nefnuhraðapróf og próf fyrir sjónrænan orðaforða. Gerð þessara prófa er lokið en vegna skorts á forriturum hefur ekki tekist að setja þau inní Skólagátt.

Læsissteymið gerði úttekt á notkun skimunarprófa í leik- og grunnskólum og ljóst var að fjöldinn allur af skimunartækjum eru í notkun í bæði leik- og grunnskólum landsins. Í stað þess að hanna og staðla ný mælitæki var ákveðið að kaupa mest notuðu tækin fyrir MMS sem síðan eru aðgengileg skólum þeim að kostnaðarlausu. Próf og mælitæki sem búið er að kaupa á vordögum 2018 eru HLJÓM-2, Orðarún, Orðalykill, Lesmál og Leið til læsis. Verið er að undirbúa kaup á nokkrum tækjum til viðbótar. Öll próf og skimanir sem keypt hafa verið eru tilbúin til notkunar en vegna skorts á forriturum hefur ekki tekist að setja þau inní Skólagátt.

Markmiðum um áreiðanleg mælitæki til notkunar fyrir kennara þegar veikleikar finnast hjá nemendum hafa ekki náðst vegna skorts á forriturum

Íhlutunarefni

Verið er að vinna að vefsvæði sem ber nafnið Lesferilsvefurinn en hann mun innihalda íhlutunarefni sem nýtist kennurum og foreldrum til að bregðast við niðurstöðum matstækja Lesferils. Vefurinn mun einnig innihalda fjölbreytta fræðslu, verkefni og verkfæri til að efla mismunandi þætti læsis. Læsissteymið vinnur með kennurum og fagfólki um allt land til þess að safna gagnreyndu efni saman á einn aðgengilegan stað.

Þróun lesfimiviðmiða

Læsisráðgjafar þróuðu lesfimiviðmið fyrir alla bekki grunnskóla veturinn 2015/2016. Lesfimiviðmiðin voru birt á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2016. (sjá fylgiskjal- viðmið). Viðmiðin tilgreina hvað eðlilegt væri að 90% nemenda ættu að lágmarki að ná að lesa mörg rétt orð við lok skólaárs, hverju gera má ráð fyrir að helmingur nemenda nái og loks er skilgreind lesfimi sem sá fjórðungur nær sem best stendur í lestri.

Markmiðum um gerð viðmiða í læsi fyrir alla bekki grunnskóla er náð

Þróun Skólagáttar

Þróun og uppbygging gagnagrunns fyrir skimanir og próf hófst fljótlega eftir að verkefnið byrjaði og var gefið nafnið Skólagátt. Hlutverk Skólagáttar er fyrst og fremst að varðveita niðurstöður skimana

og prófa og geyma þær á einum vernduðum stað. Skólagáttin þjónar þremur hópum; 1. Menntamálastofnun til greininga og geymslu á gögnum, 2. Skólasamfélaginu til þess að geyma gögnin og að nálgast niðurstöður, 3. Rannsóknarsamfélaginu til þess að nálgast gögn til rannókna á læsi. Fyrstu tveir hóparnir hafa notað Skólagáttina frá upphafi en hún er ekki tilbúin til notkunar fyrir þá sem áhuga hafa á að nýta sér gögnin til rannsókna en verið er að leysa tæknileg vandamál svo og persónuverndar mál.

Ákvörðun um aðgengi að niðurstöðum er í höndum skólastjóra og er háð þörfum notenda. Kennarar fá aðgang að niðurstöðum nemenda í þeirra umsjá; deildarstjórar fá aðgang að niðurstöðum einstakra nemenda og bekkja í þeirra umsjá; Skólastjórar fá aðgang að niðurstöðum allra nemenda og bekkja í þeirra skóla. Allir hafa aðgang að heildarniðurstöðum alls landsins. Enn er verið að finna lausn á aðgengi fyrir fræðslustjóra eða annarra yfirmanna skólamála í sveitarfélagi en nokkur sveitarfélög hafa farið þá leið að láta skólastjóra gefa fræðslustjóra aðgengi að niðurstöðum eins og um skólastjóra væri að ræða. Vegna persónuverndarlaga er verið að vinna að lausn sem mætir þörfum fræðslustjóra og mætir lögum um persónuvernd.

Skólagátt þjónar ekki eingöngu lesfimiþrófum heldur var ákveðið að nýta hana fyrir öll önnur próf sem Menntamálastofnun býður uppá. Þessi stefna hefur orðið til þess að allar niðurstöður prófa sem frá MMS koma verður í framtíðinni hægt að nálgast í Skólagátt. Þetta kemur til með að bjóða uppá mikla hagræðingu fyrir kennara og skólastjóra en á móti kemur að uppbygging gagnagrunnsins er mun flóknari og umfangsmeiri en upphaflega var áætlað og hefur tekið mun lengri tíma og þurft fleiri starfsmenn en áætlað var.


Á vordögum 2018 eru öll lesfimiþróf innan Skólagátta: bæði prófagögnin sjálf og niðurstöður.

Markmiðum um gagnagrunn fyrir lesferils próf er náð

Markmiðum um aðgengi kennara og skólastjórna að sýnilegum niðurstöðum skimunarprófa er náð

Notkun lesfimiþrófa

Á mynd 4 má sjá þátttöku í lesfimiþrófunum hjá öllum bekkjum grunnskóla. Haustið 2016 var þátttaka í prófunum um 70% í 2. – 9. bekk en minnst var hún í 1. og 10. bekk. Þetta mynstur í þátttöku hefur haldist nokkuð stöðugt þ.e. að minnst þátttaka er í 1. og í 10. bekk í september en mest í 2.-3. bekk í maí. Kennarar hafa verið hvattir til að nota skimanirnar fyrir alla bekki og sérstaklega eru þeir minntir á að það sé mikilvægt að byrja strax í 1. bekk til þess að hægt sé að fylgjast með framförum nemenda frá fyrstu dögum grunnskóla. Þátttaka í prófunum hefur aukist jafnt og þétt og í maí 2018 tóku 93% nemenda þátt í lesfimiþrófunum, en í 1. – 7. bekk tóku að meðaltali 95% nemenda þátt.



Mynd 4 Þátttaka í lesfimiprófum 2016-2018

Þess ber að geta að vorið 2017 var í fyrsta sinn í sögu menntamála á Íslandi til heildargögn um stöðu og framfarir nemenda í lestri en áriðandi er að taka fram að túlkun þessara gagna takmarkast mjög af skorti á langtímagögnum. Svo dæmi sé tekið þá er ekki hægt að segja með neinni vissu hvort góðar niðurstöður í fjórða bekk séu vegna þess að árgangurinn standi vel að vígi í lestri eða hvort aðrar skýringar liggi að baki.

Markmiðum um 90% þátttöku nemenda í lesfimiprófum er náð

Læsisstefna sveitarfélaga og skóla

Í ágúst 2016 var send út könnun til allra sveitarfélaga og skóla til að kanna hverjir höfðu sett sér læsisstefnu. Alls fengust 133 svör frá grunnskólum, leikskólum og sveitarfélögum. Svarhlutfall frá einstaklingum sem svöruðu fyrir hönd sveitarfélaga var mjög lágt (16% af þeim sem svöruðu frá 19 (22%) sveitarfélögum) og því eru svörin hér fyrir neðan frá bæði fulltrúum skóla og sveitarfélaga. Í töflu 1 er hlutfall svara við spurningunni „Er lestrarstefna í sveitarfélaginu?“ Vert er að benda á þá sem svöruðu að lestrarstefnan væri í vinnslu, 37%, og að þessi könnun var gerð í ágúst 2016. Þó nokkur sveitarfélög hafa birt afar metnaðarfulla læsisstefnu síðan könnunin var gerð, t.d. Árborg https://www.arborg.is/wp-content/uploads/2017/03/laesisstefna_arborgar_vefupplausn.pdf og Reykjanesbær https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/rnb-laesisstefna-2017.pdf

	Hlutfall svara
Já	45%
Er í vinnslu	37%
Nei	17%
Veit ekki	2%

Tafla 1 Svör við spurningu „Er lestrarstefna í sveitarfélaginu?“

Könnun á læsisstefnum leik- og grunnskóla og sveitarfélaga verður gerð í júní 2018 þar sem Gallup á Íslandi verður framkvæmdaraðili en umsjón verður í höndum læsisteymis MMS.

Enn er ekki ljóst hvort 100% sveitarfélaga hafi birt læsisstefnu en unnið er að úttekt á því

Ráðgjöf

Á vordögum 2018 hefur læsisteymið verið í virku samstarfi við 59 sveitarfélög sem hefur farið fram með fjölbreyttum hætti og er skipulagt út frá beiðni hvers sveitarfélags og/eða skóla. Einungis á eftir að tengjast 8 sveitarfélögum. Læsisráðgjafar styðja og hvetja skóla til að nýta sér töluleg gögn úr niðurstöðum prófa til að greina stöðu nemenda. Þeir veita fræðslu um gagnreyndar leiðir til eflingar læsis en hvaða leiðir eru farnar að markmiðum er val skólanna. Einnig stuðla læsisráðgjafar að auknu samstarfi við foreldra og vinna sérstaklega að fræðslu fyrir tvítyngda foreldra og börn þeirra.

Samstarf ráðgjafa við sveitarfélög og skóla hefur verið mjög fjölbreytt. Fundað hefur verið með fulltrúum bæjar- og sveitarstjórna, m.a. vegna gerð læsisstefnu skóla og sveitarfélaga. Ráðgjöf hefur verið veitt til stjórnenda og kennara í leik- og grunnskólum en einnig hefur samstarfið verið í formi ráðgjafa og fræðslu til foreldra. Í þeim sveitarfélögum þar sem samvinna er þegar farin af stað, hefur hún gengið vel og búið er að leggja grunn að áframhaldandi samstarfi. [Vefur-](#) og [samfélagsmiðlar](#) Menntamálastofnunar eru nýttir til upplýsingagjafa.

Yfir 50 sveitarfélög hafa fengið ráðgjöf varðandi leikskólastigið. Beiðnir um ráðgjöf hafa ýmist komið frá sveitarfélögum eða leikskólum. Ráðgjöf hefur farið fram á starfsdögum og starfsmannafundum í leikskólum vítt og breitt um landið, á opnum fundum fyrir starfsfólk leikskóla í Reykjavík, á foreldrafundum og á foreldramorgnum. Einnig hefur verið fundað sameiginlega með öllum leikskólastjórum í nokkrum sveitarfélögum.

Sveitarfélög hafa fengið ráðgjöf og stuðning við að gera læsisstefnu en mismunandi er hvað aðgerðir sveitarfélaga og áherslur í lestrarmálum hafa náð til leikskólastigsins. Margir leikskólastjórar hafa sótt fyrirlestur um gerð læsisstefnu. Leikskólastjórar hafa einnig sent læsisstefnur og áætlanir tengdar máli og læsi til Menntamálastofnunar til yfirlestrar og til að fá endurgjöf á áætlanirnar. Unnið hefur verið að fræðslu til foreldra og verið er að afla upplýsinga um sýn foreldra og hvernig þeir vilja sjá að samstarfi við leikskóla sé háttað.

Reynsla fyrstu tveggja ára af ráðgjöf og fræðslu hefur sýnt að til þess að gera læsisráðgjöf sjálfbæra eftir að formlegu verkefni lýkur þá þarf að efla þekkingu innan sveitarfélaganna á læsi og lestrarkennslu. Ráðgjöfin mun því flytjast smám saman til sveitarfélaganna, líklegast til kennsluráðgjafa hjá þeim sveitarfélögum sem þá hafa á sínum snærum. Vinna við að “þjálfar þjálfarana” er í undirbúningi og áherslubreytingar á ráðgjöfinni í undirbúningi.

Unnið er að markmiðum ráðgjafar fyrir kennara og skólastjórnendur og sérfræðingar læsisteymis halda áfram að sinna ráðgjöf og kynningum

Vitundarvakning

Vitundarvakning um læsi var einn af hornsteinum ráðgjafahóps MRN. Valin var sú leið að virkja og styðja við þá sem þegar voru í góðu sambandi við börn og unglinga frekar en að byrja á nýjum verkefnum og ferlum. Menntamálastofnun og KrakkaRÚV gerðu með sér samstarfssamning um framleiðslu á efni til að stuðla að auknum áhuga á [lestri og skapandi skrifum](#); úr varð verkefnið [Sögur](#). Samstarfið óx með aðkomu fleiri aðila. Sögur hafa teygt anga sína víða og er nú svo komið að mynduð hafa verið regnhlífarsamtökin [Sögur-samtök um barnamenningu](#). Aðilar að þeim samtökum eru Menntamálastofnun, KrakkaRÚV, SÍUNG, Borgarleikhúsið, Borgarbókasafnið, Barnamenningarhátíð, IBBY, Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Miðja máls og læsis, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og Útvarpsleikhúsið. Það var í krafti þessa samstarfs sem [Sögur – verðlaunahátíð barnanna](#) varð að veruleika.

Einnig var hafið samstarf við SÍUNG, samtök íslenskra unglinga- og barnabóka rithöfunda en þess má geta að Gunnar Helgason rithöfundur fór nýlega á vegum læsisverkefnisins í alla grunnskóla á Austurlandi þar sem hann kynnti m.a. gildi læsis og mikilvægi lesturs og Þorgrímur Þráinsson rithöfundur er í samstarfi við Menntamálastofnun um nýtingu kynninga hans í grunnskólum til þess að leggja áherslu á lestur og mikilvægi læsis.

Samstarf við háskólasamfélagið fer að mestu fram í kringum árlega læsisráðstefnu; árið 2016 var ráðstefnan „LÆSI, skilningur og lestraránægja“ í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar HA þar sem læsi var í brennidepli. Samstarf var við Menntavísindasvið Háskóla Íslands varðandi ráðstefnuna 2017 sem bar yfirskriftina „Lestur er lykill að ævintýrum“ og var hún haldin 18. nóvember 2017. Hafinn er undirbúningur í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar HA að framkvæmd og skipulagi um ráðstefnu/námstefnu 15. september 2018 en vinnuheiti hennar er „Læsi í skapandi skólastarfi.“

[Hvatningu til sumarlestur](#) er dreift í formi [læsisdagatals](#). Í því felast hugmyndir fyrir barnið og fjölskylduna að eflingu lesturs í sumarfríinu ásamt eyðublaði til að fylla út eigin hugmyndir.

Unnið verður áfram að vitundarvakningu samfélagsins á mikilvægi læsis

Námsefni fyrir leikskóla

Sérstöku átaki hefur verið hrundið af stað til þess að efla námsefniskost í leikskólum landsins. T.d er búið að gefa út bókina *Markviss málörvun* á rafrænu formi og auk þess er verið að vinna að stefnumótun hjá Mennta- og Menningarmálaráðuneytinu vegna námsgagna fyrir leiksólastigið. Áhersla skal lögð á að leikskólar hafi aðgang að góðu námsefni og standi jafnfætis grunnskólum landsins í aðgengi að námsefni. Menntamálastofnun hefur gefið út námsgögn fyrir byrjendur í lestri og eiga þau að fara í alla leikskóla landsins. Ráðgert er að eiga samstarf við Lions hreyfinguna um dreifingu á efninu vorið 2018 en þeir eru þátttakendur í alþjóðlegu verkefni tengdu læsi. Enn fremur er verið að ræða við Lions hreyfinguna hvort þeir geti fylgt læsisverkefninu eftir í leikskólum með eflandi skilaboðum um mikilvægi læsis.

Niðurstöður lesfimiprófa

Eins og fram kemur hér að ofan þá fór fyrsti hluti stöðlunarferlis lesfimiprófa fram í janúar og febrúar 2016. Opnað var fyrir öll lesfimipróf í Skólagátt í september 2016 og síðan þá hefur verið opið fyrir prófin í september, janúar og maí ár hvert. Í júní 2017 var í fyrsta sinn í sögu mennta á Íslandi sem til var heildaryfirlit yfir stöðu læsis íslenskra barna. Þegar niðurstöður eru reiknaðar út þá ber að hafa í huga að bera verður saman sömu tvo punktana á ferlinum, þ.e., bera verður saman september við september og maí við maí. Einnig verður að hafa í huga að viðmiðin voru reiknuð út fyrir stöðu nemenda í maí, eða í lok skólaársins.

Niðurstöður lesfimiprófa fyrir tvö fyrstu skólaárin af læsisverkefninu

Meginmarkmið verkefnisins að 90% nemenda í 10. bekk nái þrepi 3 í PISA rannsókninni 2018 en niðurstöður úr henni berast haustið 2020, eða á svipuðum tíma og læsisverkefninu lýkur formlega.

Ánægja með þjónustu og afurðir

Ánægjukönnun var send út til þeirra sem tóku þátt í ráðgjöf og kynningum læsisráðgjafa. Niðurstöður voru greindar reglulega og niðurstöður nýttar til að bæta ráðgjöf og kynningar. Svör fengust frá 101 þátttakanda en óljóst er hversu margir fengu senda könnunina þar sem skólar sáu um að koma könnuninni til þátttakanda. Spurt var um hvort erindin stóðust væntingar, framsetningu erinda, hvort erindin vöktu áhuga, hvort erindin myndu nýtast í starfi og hvort skipulag dagsins hefði verið gott. Að auki voru tvær opnar spurningar um hvað var vel gert og hvað hefði mátt gera betur.

Mynd 5 sýnir niðurstöður fyrstu fimm spurninganna en þar kemur fram að þeir sem voru „mjög sammála“ eða „sammála“ fullyrðingunum um að erindin stóðust væntingar voru 79%, 81% fannst framseting þeirra skýr, 82% fannst erindin vekja áhuga, 79% bjóst við að erindin myndu nýtast í starfi og 68% fannst skipulag dagsins vera gott.

	MJÖG SAMMÁLA	SAMMÁLA	HVORKI NÉ	ÓSAMMÁLA	MJÖG ÓSAMMÁLA	TOTAL	WEIGHTED AVERAGE
Erindin stóðust væntingar mínar	30.69% 31	48.51% 49	10.89% 11	7.92% 8	1.98% 2	101	3.30
Framsetning erindanna var skýr	39.60% 40	41.58% 42	10.89% 11	6.93% 7	0.99% 1	101	3.42
Erindin vöktu áhuga minn	44.55% 45	37.62% 38	8.91% 9	6.93% 7	1.98% 2	101	3.43
Efni erindanna mun nýtast mér í starfi	40.59% 41	38.61% 39	14.85% 15	3.96% 4	1.98% 2	101	3.48
Skipulag dagsins var gott	33.33% 33	34.34% 34	20.20% 20	9.09% 9	3.03% 3	99	3.38

Mynd 5 Niðurstöður ánægjukönnunar með ráðgjöf og kynningar

Greining á svörum við opnum spurningum sýnir að fyrirlesarar voru vel skipulagðir, jarðtengdir, með reynslu sem kennarar sem skilaði sér í hagnýtum upplýsingum og fyrirlesarar voru vel að sér og svöruðu spurningum skilmerkilega. Margir óskuðu eftir meiri og fleiri hagnýtum lausnum og að til væri „verkfærakista“ fyrir kennara til að leita í. Enn aðrir hefðu viljað fá mun meiri tíma með ráðgjöfunum og að of miklu var reynt að koma fyrir á of stuttum tíma.

Viðhorfsskönnun skólasamfélagsins er í undirbúningi og verður send út í september 2018. Einnig er verið að leggja lokahönd á undirbúning fyrir könnun til skólastjóra og fræðslustjóra um gerð lestrarstefnu og hvernig hún hefur verið kynnt. Sú könnun verður send út í júní 2018.

Nýting niðurstaðna

Nýting niðurstaðna lesfimiþróa fer eftir þörfum notenda. Kennarar nota niðurstöður einstakra nemenda til þess að laga kennslu að þeirra þörfum, skólastjórar nota niðurstöður til þess að rýna í árangur bekkja og skólans í heild og Menntamálastofnun nýtir niðurstöður þeirra til þess að fylgjast með framförum alls landsins í lesfimi. Eins og áður hefur komið fram er enn verið að finna lausn á aðgengi fyrir æðstu yfirmenn skólamála í sveitarfélögum en vonir standa til að þeir geti fengið aðgang að niðurstöðum bekkja og skóla án aðkomu skólastjóra. Foreldrar fá niðurstöður prófa og skimana frá kennurum.

Matsáætlun gerði ráð fyrir að nota niðurstöður í íslensku hluta Samræmdra Könnunarprófa (SKP) sem mælitæki fyrir langtíma niðurstöður en prófafræðingar MMS ákváðu að ekki væri mögulegt að nota þær í þeim tilgangi þar sem þær eru normal dreifðar. SKP niðurstöður sýna því eingöngu árangur miðað við aðra nemendur en því er ekki hægt að mæla framfarir nemenda með því að nýta þær niðurstöður.

Læsissteymið hannaði útlit niðurstaðna með aðstoð kennara og skólastjóra. Könnun á notkun niðurstaðna lesfimiþróa er í undirbúningi og verður hluti af ánnægjukönnun sem send verður út til kennara og skólastjórnenda í september.

Læsissteymið birtir skýrslu um niðurstöður lesfimiþróa í maí ár hvert þegar niðurstöður skólaárs liggur fyrir.

Markmiðum um nýtingu niðurstaðna lesfimiþróa er náð þar sem þær eru notaðar af öllum haghöfum verkefnisins

Samantekt

Læsisverkefnið hefur náð all flestum þeim markmiðum sem sett voru en niðurstöður PISA fyrir 2018 verða ekki aðgengilegar fyrr en haustið 2019 og því ekki hægt að meta þann árangur verkefnisins en skammtíma markmið hefur flestum verið náð. Vegna skorts á langtímagögnum er erfitt að ákveða hvort nemendum hefur farið fram í lestri en niðurstöður frá því í maí 2017 og maí 2018 sýna svo ekki verður um villst að nemendum er ekki að fara aftur eins og þróunin í PISA 2000-2015 sýndi. Þátttaka í lesfimiþrófunum hefur farið fram úr væntingum og líkur benda til þess að þar sem nánast allir nemendur taka þátt þá